

Endanlegir skilmálar

OLGERD250225

gefnir út af Ölgerðinni Egill Skallagrímsson hf. (LEI auðkenni 5493003YDW5CUGC5PS30)
í samræmi við 10.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldabréfa og víxla dagsettan 28. ágúst 2024

1. útgáfa flokks

Útgáfudagur verðbréfanna: 29. ágúst 2024

Gengi við sölu verðbréfanna: 95,28347

(„verðbréfin“ eða „vixlarnir“)

Þessir endanlegu skilmálar hafa verið gerðir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB. og verður að lesa þá í samhengi við grunnlýsingu útgefanda dagsetta 28. ágúst 2024 og þá viðauka sem gerðir geta verið við grunnlýsinguna ásamt þeim skjölum sem felld eru inn í grunnlýsinguna eða viðaukana með tilvísun (einnig „grunnlýsingin“). Grunnlýsingin er birt í tengslum við 10.000.000.000kr. útgáfuramma Ölgerðarinnar Egils Skallagrímsson hf.

Grunnlýsinguna og alla mögulega viðauka hennar er að finna á vefsíðu útgefanda, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar/fjarhagsupplýsingar>. Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og verðbréf útgefin af honum með því að lesa saman grunnlýsinguna, mögulega viðauka við grunnlýsinguna og þessa endanlegu skilmála. Þegar vísað er til „greinar“ í endanlegum skilmálum þessum er átt við viðkomandi grein í kafla 3 í grunnlýsingu útgefanda dagsettri 28. ágúst 2024.

Hluti I: Skilmálar

1. Útgefandi

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. Grein 1 gildir um skuldaskjölin.

2. Nafnverðseiningar, heildarheimild og gjaldmiðill

Grein 2 gildir um skuldaskjölin.

Útgáfugjaldmiðill skuldaskjalanna: ISK.

Nafnverð útgáfu: 1.000.000.000 kr.

Nafnverðseiningar: Skuldaskjölin eru gefin út í einingum sem hver er 20.000.000 kr. að nafnverði.

Áður útgefin verðbréfi í flokki: Ekki hafa áður verið gefin út verðbréf í sama flokki.

Heildarheimild flokks: 1.000.000.000 kr. Útgefanda er því heimilt að stækka flokkinn upp að fyrrgreindu marki án þess að leita samþykkis frá eigendum verðbréfanna, en útgáfa nýrra verðbréfa er ávallt háð heimild frá stjórn útgefanda á hverjum tíma.

3. Útgáfuform

Grein 3 gildir um skuldaskjölin.

Verðbréfamiðstöð: *Nasdaq CSD SE, kt. 510119-0370, Laugavegur 182, 105 Reykjavík* sem hlotið hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og eignarskráningu fjármálagerna („verðbréfamiðstöð“).

4. Upplýsingar um eigendur skuldaskjalanna

Grein 4 gildir um skuldaskjölin.

5. Greiðsluform

Grein 5 gildir um skuldaskjölin.

6. Verðtrygging

Víxlarnir eru óverðtryggðir.

7. Vextir

Form vaxta: Víxlarnir eru vaxtalausir og gildir grein 7.1 um víxlana.

Dagregla: *Raun/360*.

Grein 7.5. gildir um skuldaskjölin.

8. Endurgreiðsla höfuðstóls

Endurgreiðsla höfuðstóls: Höfuðstóll verður endurgreiddur í einu lagi þann 25. febrúar 2025. Grein 8.1 gildir um víxlana.

9. Tryggingar og ábyrgðir

Grein 9.1 gildir um óveðtryggð skuldaskjöl.

10. Kröfur jafnréttháar (*e. pari passu*)

Grein 10 gildir um víxlana.

11. Staða í kröfuröð

Grein 11(a) gildir um óveðtryggð skuldaskjöl.

12. Löggjöf um útgáfuna

Grein 12(b) gildir um víxlana.

13. Yfirlýsingar

Eftirfarandi staflíðir greinar 13 gilda um víxlana: A, B, C, D, E

14. Upplýsingakvaðir

Á ekki við.

15. Almennar kvaðir

Á ekki við.

16. Fjárhagsleg skilyrði

Grein 16.1 gildir ekki um víxlana.

Grein 16.2 gildir ekki um víxlana.

Grein 16.3 gildir ekki um víxlana.

17. Vanefndartilvik

Grein 17.1 gildir ekki um víxlana.

Grein 17.2 gildir ekki um víxlana.

Grein 17.3 gildir ekki um víxlana.

18. Umboðsmaður kröfuhafa og staðfestingaraðili

Á ekki við.

19. Önnur ákvæði

Heimild til kaupa eigin skuldabréfa/víxla: Grein 19.1 gildir um víxlana.

Hlunnindi: Grein 19.2 gildir um víxlana.

Framsál: Grein 19.3 gildir um víxlana.

Skattaleg meðferð: Grein 19.4 gildir um víxlana.

Ágreiningsmál: Grein 19.5 gildir um víxlana.

20. Skilmálabreyting

Grein 20 gildir um víxlana.

21. Eigin bréf

Grein 21 gildir um víxlana.

Hluti II: Aðrar upplýsingar

1.	Skráning og taka til viðskipta	
	Skráning og taka til viðskipta:	<p>Óskað hefur verið eftir því að öll útgefin skuldaskjöl í flokknum <i>IS0000036614</i> verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Ekki er hægt að ábyrgjast að umsóknin verði samþykkt.</p> <p>Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. hefur óskar eftir töku til viðskipta. Íslandsbanki hf. Hagasmára 3, 201 Kópavogur sími: 440-4000, LEI: 549300PZMFIQR79QOT97 mun óska eftir töku til viðskipta.</p>
	Fyrsti mögulegi viðskiptadagur:	29. ágúst 2024
	Upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir á eftirmarkaði og búa til seljanleika með kaup- og sölutilboðum (viðskiptavakar) ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins:	Á ekki við.
	Ráðgjafar í tengslum við útgáfu:	Íslandsbanki hf., 491008-0160, hefur umsjón með sölu víxlanna og töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.
2.	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar í tengslum við útgáfu/útboð	
	Að undanskildum kostnaði greiddum til Íslandsbanka hf. er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu víxlaflokksins.	
3.	Ástæður fyrir útboði, áætlaður heildarkostnaður og áætlað nettósöluandvirði útboðs eftir því sem við á	
	Ástæða fyrir útboði/sölu:	Almenn fjármögnun útgefanda.

	Áætlaður heildarkostnaður útgefanda:	1 milljón kr.
	Áætlað nettósöluandvirði:	950 milljónir kr.
	Notkun ágóða:	Fjármögnun útgefanda.
4.	Ávöxtunarkrafa	
	Ávöxtunarkrafa við frumsölu:	9,90% flatir vextir.
5.	Upplýsingar um undirliggjandi þætti eftir því sem við á	
	Lýsing á undirliggjandi viðmiðunarvöxtum:	Á ekki við.
	Lýsing á verðtryggingavísitölu:	Á ekki við.
6.	Heimild til útgáfu	
	<p>Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. getur, með heimild frá stjórn útgefanda, gefið út skuldabréf og/eða víxla samtals að útistandandi fjárhæð allt að 10.000.000.000.kr. á hverjum tíma, í samræmi við ákvæði þess útgáfuramma sem lýst er í grunnlýsingu þessari, að því gefnu að fyrir liggi gild eða uppfærð grunnlýsing. Skuldaskjölin sem þessir endanlegu skilmálar taka til voru gefnir út skv. heimild stjórnar þann 8. nóvember 2023.</p> <p>Verðbréfin hafa öll verið seld og er gjalddagi á greiðslu fyrir þau þann 29. ágúst 2024.</p>	
7.	Auðkenni	
	ISIN númer:	IS0000036614
	Auðkenni:	OLDGERD250225
8.	Upplýsingar frá þriðja aðila	
	Ef upplýsingum í endanlegum skilmálum þessum hefur verið aflað frá þriðja aðila staðfestir útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.	Á ekki við.
9.	Tilkynning um viðkomandi grunnlýsingu	
	Land eða lönd þar sem tilkynnt hefur verið um viðkomandi grunnlýsingu	Á ekki við.

* * *

F.h. Ölgerðarinnar Egils Skallagrímsson hf. 28.08.2024

Jón Þorsteinn Oddleifsson

Framkvæmdarstjóri fjármála- og mannauðssviðs